



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Flugvallarvegi  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2019  
Tilv.:1910253 / MDB

### Efni: Tillögur í öryggisátt - nr 19-099 S 062 Sólberg ÓF 1

Vísað er til draga að lokaskýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa í máli nr. 19-099 S 062 þar sem skipverji fékk gilskrók í höfuðið. Um lýsingu atvika vísast til skýrsludraganna.

Í nefndaráliti kemur fram að orsök slyssins hafi verið að búnaðurinn hafi ekki verið rétt stilltur og því hættulegur. Nefndin hafi ítrekað hvatt útgerðarmenn og skipstjóra til að framkvæma áhættumat um borð í skipum sínum í samræmi við reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

Nefndin gerir eftirfarandi tillögur í öryggisátt:

1. Gert verði sértakt kynningarátak fyrir útgerðir um gerð og framkvæmd áhættumats samkvæmt reglugerð.
2. Að skoðunarstofur verði upplýstar um ákvæði reglugerðar nr. 200/2007.
3. Að fært verði inn í skoðunarskýrslur upplýsingar um úttektir á framkvæmt áhættumats við árlegar skoðanir á skipum.

### Umsögn Samgöngustofu um drög nefndarinnar um tillögur í öryggisátt

Samgöngustofa tekur undir sjónarmið Rannsóknarnefndarinnar um framkvæmd reglugerðar nr. 200/2007. Stefna Samgöngustofu er að auka vægi öryggisstjórnunarkerfa í siglingatengdri starfsemi almennt. Áhættumat er hluti af öryggisstjórnunarkerfi. Á vettvangi Siglingaráðs er nú unnið að gerð öryggisstjórnunarkerfis fiskiskipa. Um er að ræða þýðingu og staðfæringu á breska kerfinu Safety Folder sem er öryggisstjórnunarkerfi, þ.á.m. áhættugreiningartól, skrifað upphaflega fyrir breska sjómenn. Kerfið er þegar komið til prófunar í nokkrum fiskiskipum og hjá Landhelgisgæslunni. Áætlað er að þessari vinnu ljúki fyrir lok nóvember 2019. Kerfið verður kynnt hagsmunaaðilum sem fá tækifæri til að gefa sína umsögn.

Að framansögðu telur Samgöngustofa ekki ástæðu til frekari aðgerða að svo stöddu en málið verður tekið upp á næsta fagfundi Samgöngustofu og faggiltra skoðunarstofa.

Virðingarfyllst

  
Jón Bernóðsson  
fagstjóri rannsóknar og þróunar

  
Einar Örn Héðinsson  
framkvæmdastjóri farsviðs